

RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B - 101 REYKJAVÍK - Sími/FAX: 5517292

11. september 1997

Kæru félagar.

Stjórnin vill minna á að nú nálgast **20. september** óðfluga, en þá verður **forseti Alþjóðasamtaka Wagnerfélaga, Josef Lienhart**, staddur hér í boði félagsins og Goethe Instituts. Hann mun segja frá Wieland Wagner og sýna fjölda litskyggnimynda frá uppfærslum hans. Nefnist erindið:

Szene in Licht und Farbe - Wieland Wagner in Bayreuth.

Fyrirlestur Josefs Lienhart verður í húsnæði **Goethe Instituts, Tryggvagötu 26 og hefst kl. 16.00.**

Að kvöldi 20. september verður svo efnt til **haustfagnaðar Wagnerfélagsins með kvöldverði á Þingholti í Hótel Holti**. Veislustjóri verður Þórður Harðarson prófessor og yfirlæknir. Líkt og í fyrra verða bæði ræðuhöld og annað til skemmtunar auk þrjú réttaðrar máltíðar sem kostar kr. 2.800. Hér á eftir er matseðillinn á "Holtnesku":

*Skötusels og laxa carpaccio með kúmen og tómát.
Lambahryggur með spínati og rauðvínssósu.
Heitur súkkulaði tart með kirsuberjum "Griottines" og jógúrtís.*

Ræðumenn verða þeir Þorkell Helgason orkumálastjóri, sem mun segja frá heimsókn þeirra Helgu Ingólfssdóttur semballeikara á sýningar Niflungahringins í Bayreuth nú í sumar, og heiðursgestur kvöldsins, Josef Lienhart, sem mun segja frá framtíðarhorfum Bayreuthhátiðinnar.

Samkoman hefst **klukkan 19**, en húsið er opið frá 18.30. Þau **Sólrún Bragadóttir** sópransöngkona og **Jónas Ingimundarson** píanóleikari flytja nokkur lög fyrir veislugesti áður en gengið verður til borðhalds. Seinna um kvöldið mun svo **Sigurður Rúnar Jónsson** koma í heimsókn og kynna gömlu íslensku flöðuna og auk þess syngja kvintöng með þeim sem það kunna.

Félagsmenn og gestir þeirra eru beðnir að tilkynna þátttöku sína í kvöldverðinum með góðum fyrirvara og **eigi síðar en 18. september** til ritara félagsins Jóhannesar Jónassonar í síma 5626904 (helmasími), 8812230 (símsvari) eða á netfang johanjo@itn.is

Vetrarstarf félagsins hefur nú að mestu verið skipulagt og er dagskráin meðfylgjandi (á baksíðu) með fyrirvara um breytingar.

Nokkrir félagsmenn eiga enn ógreidd árgjöld og eru vinsamlega minntir á það hérmeð. Þeir sem kynnu að hafa týnt gíróseðli sínum geta haft samband við Barða Árnason gjaldkera í síma 5606140 eða formann í síma 5517292 og fá þá sendan nýjan seðil.

Munið einnig að óskir um miða til Bayreuth 1998 þurfa að hafa borist fyrir 1. okt.

Með kærri kveðju

Selma Ingimundsdóttir, formaður

Dagskrá Richard Wagner félagsins 1997 - 1998:

Laugardaginn 20 sept. kl. 16:

Fyrirlestur Josefs Lienhart, forseta Alþjóðasamtaka Wagnerfélaga, í Goethe Institut, Tryggvagötu 26:
"Szene in Licht und Farbe - Wieland Wagner in Bayreuth."

Laugardaginn 20. sept. kl. 19:

Haustfagnaður félagsins á Þingholti, Hótel Holti.

Laugardaginn 11. okt. kl. 14:

Óperusýning af myndbandi í Norræna húsinu:
Hollendingurinn fljúgandi.
Kynningu óperunnar annast Anna M. Magnúsdóttir og Reynir Axelsson.

Laugardaginn 8 nóvember. kl. 14:

Óperusýning af myndbandi í Norræna húsinu:
Tannhäuser.
Kynningu óperunnar annast Jóhannes Jónasson.

Laugardaginn 14. febrúar kl. 14:

Aðalfundur félagsins í Norræna húsinu.
Að honum loknum munu þeir Halldór Hansen og Gretar Ívarsson fjalla um þekkta Wagnersöngvara og leika tónlist með þeim.

Laugardaginn 14. mars kl. 14:

Óperusýning af myndbandi í Norræna húsinu:
Lohengrin.
Kynningu óperunnar annast Anna M. Magnúsdóttir og Reynir Axelsson.

Föstudagurinn langi, 10. apríl kl. 13:

Parsifal sýndur af myndbandi í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar.
Aðfaraorð flytur Atli Heimir Sveinsson.